

Reglur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshing Um greiðslu lögmannskostnaðar í barnaverndarmálum.

Reglur þessar gilda í þeim sveitarfélögum sem aðild eiga að Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs. Þau sveitarfélög eru: Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerði, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Ölfus.

1.gr.

Með vísan til 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 veitir Skóla- og velferðarþjónusta Árneshings foreldrum eða öðrum forsjáraðilum og barn 15 ára og eldri sem eru aðili máls fjárstyrk til greiðslu lögmannsaðstoðar ef málefni þeirra sæta meðferð skv. barnaverndarlögum fyrir skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshings.

Veittur er fjárstyrkur vegna fyrirtöku á fundi Skólaþjónustu- og velferðarnefndar og undirbúnings vegna fyrirtöku máls.

Aðeins er veittur fjárstyrkur þegar til greina kemur að beita þvingunarúrræðum samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002.

2.gr.

Skóla- og velferðarþjónusta veitir jafnframt aðilum máls fjárstyrk til greiðslu lögmannskostnaðar fyrir kærunefnd barnaverndarmála sbr. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

3.gr.

Foreldrar eða aðrir forsjáraðilar barns og barn 15 ára og eldri sem er aðili að máli velja sjálfir lögmann. Fjárstyrkur til greiðslu lögmannskostnaðar er háð því að lögmaður hafi réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi eða hæstarétt sbr. lög um lögmennt nr. 77/1998 um lögmennt.

4.gr.

Fjárhæð styrkjar skal metin með hliðsjón af eðli og umfangi málsins og skal tekið tillit til efnahags styrkbeiðanda þegar ákvörðun um fjárstyrk er tekin. Beiðni um fjárhagsaðstoð til greiðslu kostnaðar vegna lögmannsaðstoðar skal beint til forstöðumanns Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings.

Styrkur vegna lögmannskostnaðar skal að hámarki vera greiðsla fyrir 10 klst. vinnu á tímargjaldi sem fram kemur í viðmiðunarreglum dómstólaráðs um greiðslu málsvarnarlauna í sakamálum.

5.gr.

Ákvörðun um fjárhæð styrkja er kæraneleg til kærunefndar barnaverndarmála, sbr. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

6.gr.

Reglur þessar skulu kynntar aðilum máls sem sæta meðferð Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshings og þeim lögmonnum sem taka að sér að aðstoða aðila sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Reglur þessar voru samþykktar af Skóla og velferðarnefnd Árneshings á 19. fundi nefndar þann 6.12.2016 og vísað til bæjar- og sveitastjórna til staðfestinga.